

## Manntalið 2011: Eldri borgarar

### *Census 2011: Senior Citizens*

#### *Samantekt*

Eldri borgarar, sem í þessu riti eru skilgreindir 65 ára eða eldri, voru alls 40.282 hinn 31. desember 2011 samkvæmt manntalinu sem Hagstofa Íslands tók þann dag. Það jafngildir 12,8% mannfjöldans. Hlutfallslega voru flestir eldri borgarar búsettir í Laugardal austur í Reykjavík en fæstir á Völlum í Hafnarfirði.

Atvinnuþátttaka eldri borgara er mikil hér á landi. Alls nær hún 20,6%, mest í yngstu aldurshópum eldri borgara.

Alls eru 9,2% eldri borgara á stofnun, einkum stofnunum fyrir aldraða. Hlutfallið eykst eftir aldri. Um 30% þeirra sem eru á aldrinum 85–89 ára dveljast á stofnun en yfir helmingur þeirra sem eldri eru.

Alls voru 4.897 íbúðir á landinu ætlaðar til búsetu fyrir eldra fólk, þar af voru 864 fyrir studda búsetu, 2.406 sem virkniíbúðir í tengslum við öldrunarstofnanir en 1.627 með aldurskvöðum. Flestar voru þessar íbúðir í eigu íbúanna sjálfra, en umtalsverður hluti í eigu sveitarfélaga, húsnæðissamvinnufélaga eða félaga-samtaka.

## Inngangur

#### *Eldri borgarar*

Í þessu tölublaði Hagtíðinda er fjallað um þá sem voru 65 ára eða eldri í manntalinu 2011. Aldurssamsetningu þeirra er lýst, fjölskylduhögum og atvinnuþátttöku. Megináhersla umfjöllunarinnar er þó á húsnæðisaðstæður þeirra og á íbúðar-húsnæði sem ætlað er sérstaklega til búsetu eldri borgara.

Fjölgun eldri borgara er viðfangsefni stjórnmalanna og velferðarþjónustu á Íslandi eins og víða annars staðar. Eftir síðari heimsstyrjöldina fæddust stórir árgangar sem nú eru óðum að hverfa af vinnumarkaði. Erlendis eru þessir árgangar gjarnan nefndir „barnasprengjan“ (e. *baby boom*), en þá er átt við árgangana sem fæddust á um 20 ára tímabili frá lokum heimsstyrjaldarinnar til miðbiks sjöunda áratugarins.

Barnasprengjan á Íslandi er nokkuð ólík því sem þekkt víða erlendis. Fjölgun fæðinga hófst þegar í upphafi heimsstyrjaldarinnar, en frá 1950 og til dagsins í dag hafa fæðingarárgangarnir allir verið af svipaðri stærð, um 4.600 í hverjum árgangi. Af þessu leiðir að viðfangsefnið er ekki bundið við tveggja áratuga skammt af fjölmennum árgöngum, heldur er það viðvarandi. Jafnframt er það þó auðveldara, því árgangarnir sem eiga að standa undir tekjunum sem fjármagna velferðarþjónustuna fyrir aldraða „barnasprengjufólkið“ eru hlutfallslega fleiri hér en erlendis.

Í manntalinu 2011 var ekki skoðuð velferðarþjónusta við eldri borgara, nema að því leyti sem þeir búa í sérútbúnum íbúðum fyrir aldraða eða dveljast á stofnunum.



## Eldri borgarar á Íslandi


**Skilgreining** Með eldri borgurum er átt við fólk sem er 65 ára eða eldra.

**Búseta** Alls búa 64,1% alls mannfjöldans á höfuðborgarsvæðinu, en 35,9% utan þess. Hjá eldri borgurum landsins er þetta hlutfall örlítið annað. Í þeim hópi búa 61,8% á höfuðborgarsvæðinu en 38,2% á landsbyggðinni. Elsti hópurinn, 85 ára og eldri skiptist þó milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar í svipuðum hlutföllum og landsmenn allir (65,7% og 35,3%).

Alls eru eldri borgarar um 12,8% mannfjöldans á landinu öllu. Á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallið 12,4% en 13,5% utan þess. Lægst er hlutfallið á talningarsvæðinu Völlum í Hafnarfirði (3,5%) en hlutfallslega flestir eldri borgarar búa í Laugardal austur í Reykjavík, þar sem 20,6% íbúanna eru 65 ára eða eldri.

### Mynd 1. Hlutfall eldri borgara eftir talningarsvæðum 31. desember 2011


Figure 1. Senior citizens by output areas 31 December 2011



**Aldur** Alls voru 40.282 einstaklingar 65 ára og eldri á Íslandi í árslok 2011 samkvæmt manntalinu. Þar af voru 21.640 konur, eða 53,7%. Þeir sem voru 65 ára og eldri í árslok 2011 voru allir fæddir árið 1946 og fyrr. Áhrifa mikillar fólksfjölgunar á stríðsárunum og síðar gætir því aðeins í yngstu aldurshópnum. Alls voru 46 einstaklingar 100 ára eða eldri, 39 konur og 7 karlar. Elsti einstaklingurinn var 105 ára.

## Mynd 2. Fjöldi eldri borgara eftir aldri og kyni 31. desember 2011

Figure 2. Senior citizens by age and sex 31 December 2011




### Búseta aldraðra

Langflestir þeirra sem voru orðnir 65 ára eða eldri í árslok 2011 bjuggu á eigin heimili. Alls voru það rúmlega 90% hópsins, en 9,2% bjuggu á stofnun. Það er hins vegar nokkuð misjafnt eftir aldri eins og von er. Það er þó ekki fyrr en við níráðis-aldur að meira en helmingur eldri borgara er búsettur á stofnun. Flestir sem búa á stofnun eru á heilbrigðis- eða öldrunarstofnunum, en ríflega fimmtingur (21,8%) bjuggu í studdri búsetu.

Flestir aldraðir sem bjuggu utan stofnana hinn 31. desember 2011 bjuggu í íbúðarhúsnæði sem ekki var ætlað öldruðum. Tæplega 6% (5,7%) bjuggu í virkniíbúðum en 4,2% bjuggu í íbúðarhúsnæði með aldurstakmörkunum, t.d. 60+.

## Mynd 3. Eldri borgarar eftir aldurshópum og búsetuformi 31. desember 2011

Figure 3. Senior citizens by age groups and form of residence 31 December 2011




## Einkaheimilin

*Eignarhald* Flestir eldri borgara búa í eigin húsnæði, en það á við um 85,6% allra heimila þeirra. Það er umtalsvert hærra hlutfall en meðal allra heimila í heild, þar sem 71,7% heimilanna eru í séreignarabúð. Á höfuðborgarsvæðinu var hlutfall heimila eldri borgara í eignarabúð 86,8%, en 83,7% á landsbyggðinni. Lægsta hlutfall eignarabúðar var á talningarsvæðinu Grafarholti og Kjós (53,8%) en hæst var það í Seljahverfi (94,1%).

### Mynd 4. Heimili eldri borgara í eignarabúð eftir talningarsvæðum 31. desember 2011

Figure 4. Owner occupation of senior citizens by output areas 31 December 2011



Alls bjuggu landsmenn 65 ára og eldri á 26.650 heimilum á manntalsdeginum 31. desember 2011. Þá eru aðeins taldir þeir sem búa á einkaheimilum. Flest voru heimilin fjölskylduheimili, einkum tveggja manna heimili maka eða sambúðarfólks. Ríflega 40% heimilanna voru einstaklingsheimili, en ríflega þrjú þúsund heimili voru annarrar gerðar. Alls bjuggu 13.215 yngri einstaklingar, makar og/eða börn, á heimilum eldri borgaranna.

**Tafla 1. Einkaheimili eldri borgara og heimilismenn eftir gerð einkaheimilis 31. desember 2011**

Table 1. Private households of senior citizens and household members by type of private household 31 December 2011

|  | Einka-<br>heimili<br><i>Private<br/>households</i> | Eldri<br>borgarar<br><i>Senior<br/>citizens</i> | Yngri<br>íbúar<br><i>Younger<br/>occupants</i> |
|--|--|---|--|
| <b>Alls</b>  | <b>26.650</b>                                      | <b>36.571</b>                                   | <b>13.215</b>                                  |
| Einstaklingsheimili <i>One-person households</i>                                   | 11.294   | 11.294  | -  |
| Heimili með tveimur eða fleiri einstaklingum<br><i>Multiperson households</i>      | 1.047  | 1.351   | 965  |
| Fjölskylduheimili <i>One-family households</i>                                     | 12.202   | 20.789  | 5.445  |
| Hjón án barna <i>Married couple without resident children</i>                      | 9.844  | 17.599  | 2.089  |
| Hjón með börnum <i>Married couple with resident children</i>                       | 1.367  | 1.981   | 2.386  |
| Sambúð án barna <i>Consensual union couples<br/>without resident children</i>      | 330  | 524   | 136  |
| Sambúð með börnum <i>Consensual union couples<br/>with resident children</i>       | 108  | 132   | 228  |
| Foreldri með börnum <i>Lone parents</i>  | 553  | 553   | 606  |
| Heimili með tveimur eða fleiri fjölskyldum<br><i>Two-or-more-family households</i> | 2.107  | 3.137   | 6.805  |


## Atvinnuþátttaka

### Atvinnuþátttaka

Eins og að líkum lætur er atvinnuþátttaka eldri borgara að mestu bundin við yngsta aldurshópin, 65–69 ára. Í þeim aldurshópi voru 53,2% íbúanna á vinnumarkaði, 63,2% karla og 43,1% kvenna hinn 31. desember 2011. Atvinnuþátttaka karla á aldrinum 70–74 ára náði 19,4%, en kvenna í þeim aldurshópi 6,3%. Atvinnuþátttaka þeirra sem eldri eru var talsvert lægri.

**Mynd 5. Atvinnuþátttaka eldri borgara eftir kyni og aldurshópum 31. desember 2011**

Figure 5. Current activity status of senior citizens by sex and age groups 31 December 2011




*Atvinnuþátttaka eftir talningarsvæðum*

Atvinnuþátttaka eldri borgara er einnig misjöfn eftir talningarsvæðum. Að einhverju leyti stafar það af því að aldurskiptingin þeirra er einnig misjöfn. Atvinnuþátttakan er minnst í Laugardal austur og vestur í Reykjavík þar sem hún er innan við 15%, en mest Setbergi-Áslandi í Hafnarfirði þar sem þriðjungur eldri borgara er virkur á vinnumarkaði. Utan höfuðborgarsvæðisins er atvinnuþátttaka eldri borgara mest í Árnessýslu utan Árborgar (24%) en minnst í Keflavík (16%).

**Mynd 6. Atvinnuþátttaka eldri borgara eftir talningarsvæðum 31. desember 2011**

*Figure 6. Activity status of senior citizens by output areas 31 December 2011*



## Íbúðir fyrir aldraða

Íbúðir með  
aldurskvöðum

Langflestir aldraðir sem búa á eigin heimili búa í íbúðum sem ekki eru sérstaklega ætlaðar öldruðum. Á síðustu áratugum hefur verið byggður fjöldi íbúða með aldurskvöðum, t.d. 50+ íbúðir, eða íbúðir í tengslum við öldrunarstofnanir, með eða án þjónustu og öryggisvaktar. Í sumum slíkum íbúðakjörnum er þjónusta og aðstæður með slíkum hætti að jafna megi við stofnanabjónustu. Slíkar íbúðir kallast „studd búseta fyrir aldraða“ og flokkast með stofnanabúsetu. Aðrar íbúðir sem oft eru kallaðar „öryggisíbúðir“ eða „þjónustuíbúðir“ eða íbúðir sem eru nátengdar öldrunarheimilum sem fyrir eru má kalla einu nafni „virkniíbúðir“ en þá er átt við að vegna aðgengis að þjónustu fyrir aldraða sé stutt við virkni íbúanna í daglegu lífi þeirra.

Alls voru 4.897 íbúðir með aldurskvöðum hinn 31. desember 2011, af þeim voru 864 ætlaðar fyrir studda búsetu en 2.406 voru skilgreindar sem virkniíbúðir. Aðrar 1.627 íbúðir voru eingöngu með aldurskvöðum. Flestar íbúðirnar voru í einkaeigu, en drjúgur hluti er í eigu sveitarfélaga og fasteignafélaga þeirra (1.006), húsnæðissamvinnufélaga (617) og félagasamtaka og sjálfseignarstofnana (491).

**Tafla 2. Íbúðir fyrir aldraða eftir tegund og eignarhaldi 31. desember 2011**

Table 2. Specialised dwellings for the elderly by type and ownership 31 December 2011

| Eignarhald<br>Ownership                           | Íbúðir fyrir  |   |  |  |
|---|---------------|---|--|--|
|   | Alls<br>Total | Íbúðir fyrir<br>eldri borgara<br>Housing for<br>the elderly | Virgni-<br>íbúðir<br>Activity<br>dwellings | studda búsetu<br>Assisted<br>living<br>dwellings |
| <b>Alls</b>                                       | <b>4.897</b>  | <b>1.627</b>  | <b>2.406</b>                               | <b>864</b>                                       |
| Einstaklingar <i>Persons</i>                      | 2.360         | 704   | 1.543                                      | 113  |
| Fyrirtæki <i>Companies</i>                        | 373           | 182   | 166  | 25   |
| Húsnæðissamvinnufélög <i>Housing cooperatives</i> | 617           | 537   | 80   | -  |
| Félagasamtök <i>NGO's</i>                         | 491           | 13  | 174  | 304  |
| Sveitarfélög <i>Municipalities</i>                | 1.006         | 185   | 417  | 404  |
| Aðrir og blandað <i>Others and mixed</i>          | 50            | 6   | 26   | 18   |

**Aðgengi** Ekki eru til upplýsingar um aðgengi, t.d. fyrir hreyfihamlaða, í íbúðarhúsnæði landsmanna. Slíkt aðgengi er ákjósanlegt þegar aldurinn færast yfir og líkamleg færni minnkar. Þó má finna vísbendingu um aðgengi með því að athuga hvort lyfta sé í húsinu og á hvaða hæð þeir búa sem komnir eru á sín efri ár. Í ljós kemur að langflestir eldri borgara utan stofnana búa á fyrstu hæð eða í kjallara (23.247), en 6.849 búa að auki þar sem lyfta er í húsinu. Rúmlega 5% eldri borgara á einkaheimilum búa í íbúð á 3ju hæð eða ofar í lyftulausu húsi.

**Tafla 3. Eldri borgarar á einkaheimilum eftir hæð íbúðar og lyftu í húsi  
31. desember 2011**

*Table 3. Senior citizens in private households by floor and elevator 31 December 2011*


| Hæð<br><i>Floor</i>                         | Alls<br><i>Total</i> | Lyfta<br><i>Elevator</i> | Engin lyfta<br><i>No elevator</i> |
|---|----------------------|--------------------------|-----------------------------------|
| <b>Alls Total</b>                           | <b>36.571</b>        | <b>7.756</b>             | <b>28.789</b>                     |
| Kjallari <i>Basement</i>                    | 747                  | 13                       | 734                               |
| 1. hæð <i>1st floor</i>                     | 22.500               | 894                      | 21.606                            |
| 2. hæð <i>2nd floor</i>                     | 5.995                | 1.411                    | 4.584                             |
| 3. hæð <i>3rd floor</i>                     | 3.081                | 1.625                    | 1.456                             |
| 4. hæð <i>4th floor</i>                     | 1.691                | 1.339                    | 352                               |
| 5. hæð eða ofar <i>5th floor and higher</i> | 2.514                | 2.471                    | 43                                |
| Ótilgreint <i>Not stated</i>                | 43                   | 3                        | 40                                |

*Þéttseta* Loks má skoða hversu rúmt er um eldri borgarana. Á flestum þeim einkaheimilum þar sem elsti heimilismaðurinn var 65 ára eða eldri höfðu íbúarnir 40 til 60 fermetra á mann (33%), en á 51% heimilanna var rýmra um íbúanna en þetta. Á 16% heimila eldri borgaranna var minna en 40 fermetrar á mann.

Á heimilum þar sem elsti heimilismaðurinn var yngri en 65 ára var einnig algengast að 40 til 60 fermetrar væru á mann, eða 24%. Hins vegar voru hlutfallslega mun færri heimili með fleiri fermetra á mann en það (26%), en á 50% heimilanna var minna en 40 fermetrar á mann. Á það ber þó að líta að nær allar barnafjölskyldur eru í þessum hópi, sem hefur áhrif á niðurstöðurnar.

**Mynd 7. Þéttseta á einkaheimilum eftir aldri elsta heimilsmanns  
31. desember 2011**

*Figure 7. Density standards in private households by age of oldest household member 31 December 2011*





## Skýringar

- Gerð heimilis* Einkageimili er skilgreint á grundvelli íbúðarinnar, en ekki á grundvelli sameiginlegs heimilishalds. Í því felst að allir einstaklingar sem búa í íbúð eru heimilisfólk á sama heimili, þannig að það er eitt heimili á hverja íbúð sem búið er í. Af þessum sökum eru nokkur heimili í manntalinu afar stór, en ekki liggja fyrir heimildir um uppskiptingu leiguhúsnæðis, þar sem leigt er til margra einstaklinga, eða óskráðra aukaíbúða sem leigð eru út. Alla jafnan er sama hvort rætt er um íbúð eða heimili, einstaklingarnir eru þeir sömu. Frá því eru þó undantekningar. Fjölskyldukjarnar eða fólk utan fjölskyldukjarna sem búsett er á gistiheimilum, eða starfsmenn á stofnunum sem búa á stofnuninni ásamt fjölskyldum sínum og íbúðin er ekki þekkt, eru taldir hver um sig sem eitt heimili. „Fólk í húsnæðisraki“, þ.e. fólk sem hefur flutt oft milli íbúða á árinu eða er á biðlista sveitarfélaga vegna húsnæðisleysis, er ekki talið með einkageimilum.
- Heimili í eignaríbúð* Umráðaréttur heimila vísar til þess með hvaða hætti einkageimili nær yfir heila íbúð eða hluta hennar. Heimili þar sem borgað er veðlán af íbúðinni þar sem heimilisfólk býr eða kaup á íbúðinni fara fram með annars konar fjárhagsráðstöfunum eru flokkuð í flokkinn „Heimili í eignaríbúð“. Heimili þar sem a.m.k. einn heimilismaður er eigandi íbúðarinnar en einn eða fleiri leigjendur í íbúðinni eða hluta hennar teljast sem „Heimili í eignaríbúð“.
- Staða á heimili* Einstaklingar á einkageimili ná yfir efnisflokkana „Einstaklingar í fjölskyldukjarna“ og „Einstaklingar utan fjölskyldukjarna“. Flokkurinn „Einstaklingar í fjölskyldukjarna“ nær yfir alla einstaklinga sem búa á einkageimili er hýsir fjölskyldukjarnann sem þeir tilheyra. Flokkurinn „Einstaklingar utan fjölskyldukjarna“ nær yfir alla einstaklinga sem annaðhvort tilheyra heimili án fjölskyldu eða fjölskylduheimili, án þess að tilheyra neinum fjölskyldukjarna á því heimili. Heimili án fjölskyldu getur verið heimili eins einstaklings eða sameiginlegt heimili fleiri en eins einstaklings án fjölskyldukjarna. Flokkurinn „Búa ekki einir“ nær yfir einstaklinga sem búa annaðhvort á sameiginlegu heimili án fjölskyldukjarna eða á fjölskylduheimili án þess að tilheyra fjölskyldukjarnanum á því heimili. „Stofnanaheimili“ eru heimili rekin af lögaðilum þar sem hópi fólks er veitt húsnæði og þjónusta til lengri tíma. Stofnanir hafa gjarnan sameiginleg þægindi sem íbúarnir deila með sér (snyrtiaðstöðu, setustofur, mötuneyti, svefnskála og svo framvegis). Til stofnanaheimila teljast meðal annars hjúkrunarheimili, dvalarheimili, íbúðir fyrir aldraða með sólarhringsþjónustu, stúdentagarðar, sambýli fyrir fatlaða, fangelsi og klaustur.
- Staða á vinnumarkaði* Staða á vinnumarkaði eru tengsl einstaklings við atvinnustarfsemi, byggð á viðmiðunartímabili sem er nóvembermánuður 2011. Í nokkrum tilvikum þegar upplýsingar leyfðu tók staða á vinnumarkaði mið af 30. nóvember 2011. Þegar skráð er ein tiltekin atvinnustaða á hvern einstakling er staðan „í vinnu“ tekin fram yfir „atvinnulaus“ og staðan „atvinnulaus“ tekin fram yfir „ekki virkur á vinnumarkaði“. Einstaklingar sem urðu 15 ára á manntalsárinu 2011 og þaðan af yngri einstaklingar teljast ekki vera á vinnualdri.
- Studd búseta* Með studdri búsetu (e. *assisted living facilities*) er átt við þær stofnanir þar sem boðið er upp á fæði eða mötuneyti, húsnæði og gjarnan einhverja þjónustu á vegum stofnunarinnar. Sameiginleg aðstaða er oftast en ekki í boði, einkum setustofur, mötuneyti og í sumum tilvikum bað- og snyrtiaðstaða. Rekstrarform getur verið með ýmsu sniði, t.d. getur húsnæðið verið leigt út eða í búseturétti. Ef um eignaríbúðir er að ræða er eignin undantekningarlaust með kvöðum til að hægt sé að

úthluta eða selja íbúðina til annarra sem taldir eru í þörf fyrir þjónustuna. Ef boðið er upp á hjúkrun er hún í lágmarki, í formi heimahjúkrunar eða aðkeyptrar hjúkrunarþjónustu.

*Talningarsvæði* Skipting mannfjöldans í 42 tiltölulega jafnfjölmenn svæði, sem þekja landið allt. Fæst búa rúmlega 4.000 manns á svæði en flestir tæplega 14.000. Að meðaltali eru rúmlega 7.500 manns á hverju talningarsvæði. Með talningarsvæðunum er leitast við að skipta mannfjöldanum í tiltölulega jafn fjölmennar einingar, en halda eftir sem áður í tilvísun í staðfræðilega skiptingu, t.d. hverfi eða landsvæði. Fimm stærstu sveitarfélögunum er skipt í fleiri en eitt talningarsvæði, nokkur sveitarfélög mynda sitt eigið talningarsvæði en að öðru leyti eru talningarsvæðin sett saman af tveimur eða fleiri nærliggjandi sveitarfélögum.

*Virkníubúðir og íbúðir fyrir aldraða* Þjónustustig í sérhönnuðu húsnæði fyrir aldraða verið mjög misjafnt. Í sumum tilvikum er engin þjónusta fyrir hendi, en yfirleitt er umsjón með viðhaldi húsnæðis og þrif á sameign í höndum rekstraraðila húsnæðisins. Innan *virkníubúða* er þjónustustig hærra heldur en í *íbúðum aldraðra*. Í þeim fyrrnefndu er aðgengi að hádegismat í nærliggjandi byggingum og í einhverjum tilfellum einnig að félagsstarfi og öryggisvakt á dagvinnutíma. Loks er oft um að ræða einhverja sameiginlega aðstöðu til afnota fyrir íbúa.

## **English summary**

Senior citizens are defined as persons 65 years of age and older. According to the Icelandic census of the population 31 December 2011 senior citizens were 40,282, of which 21,640 were women. Senior citizens constitute 12.8% of the total population.

The labour force participation rate of senior citizens is relatively high. This rate is 20.6% overall, highest in the youngest age groups. The rate is also higher amongst males than females.

9.2% of senior citizens have an institutional residence, mostly in old folk's homes. This percentage rises with age, with more than half of the persons 90 years and older living in institutions for the elderly.

The housing census 31 December 2011 counted in total 4,897 dwelling units especially designed for elderly persons. Of those, 864 were assisted living facilities, 2,406 activity dwellings, and 1,627 regular dwellings for the elderly with age restrictions. Of these dwellings, 48% were owned by the residents themselves, but significant proportions by municipalities, housing cooperatives and NGO's.

**Tafla 4. Hlutfall eldri borgara, séreignarábúð og atvinnuþátttaka eftir talningarsvæðum 31. desember 2011**

*Table 4. Percentage of senior citizens, owner occupancy and current activity status by output areas 31 December 2011*

| Svæði<br><i>Regions and output areas</i> | Fjöldi<br><i>Number</i> | Hlutfall af<br>mannfjölda<br><i>% of<br/>population</i> | Eignar-<br>ábúð, %<br><i>Owner occu-<br/>pancy, %</i> | Atvinnuþátttaka, %<br><i>Labour force participation rate</i> |                        |                         |
|--|-------------------------|---|---|--|------------------------|-------------------------|
|  |                         |   |   | Alls<br><i>Total</i>   | Karlar<br><i>Males</i> | Konur<br><i>Females</i> |
| <b>Alls Total</b>                        | <b>40.282</b>           | <b>12,8</b>   | <b>85,6</b>   | <b>20,6</b>  | <b>27,6</b>            | <b>14,5</b>             |
| Höfuðborgarsvæði                         | 24.892                  | 12,4  | 86,8  | 20,6   | 28,0                   | 14,8                    |
| Reykjavík                                | 15.173                  | 12,9  | 86,1  | 19,8   | 27,1                   | 14,2                    |
| Vesturbær norður                         | 562                     | 11,5  | 86,1  | 17,1   | 24,6                   | 12,1                    |
| Vesturbær suður                          | 1.120                   | 10,4  | 91,3  | 20,2   | 29,1                   | 13,9                    |
| Miðborg                                  | 1.069                   | 11,3  | 79,1  | 18,4   | 23,7                   | 14,2                    |
| Hlíðar                                   | 1.015                   | 10,9  | 87,9  | 19,7   | 25,3                   | 15,9                    |
| Laugardalur vestur                       | 902                     | 17,2  | 78,8  | 14,7   | 20,8                   | 10,1                    |
| Laugardalur austur                       | 2.114                   | 20,6  | 83,0  | 13,3   | 18,8                   | 9,6                     |
| Háaleiti og Bústaðahverfi                | 2.558                   | 18,3  | 91,6  | 17,4   | 26,2                   | 11,0                    |
| Efra og neðra Breiðholt                  | 1.627                   | 13,7  | 88,9  | 20,7   | 27,7                   | 15,1                    |
| Seljahverfi                              | 1.066                   | 13,5  | 94,1  | 26,8   | 35,4                   | 19,4                    |
| Árbær                                    | 916                     | 9,1   | 83,5  | 26,9   | 33,7                   | 20,4                    |
| Grafarvogur suður                        | 815                     | 11,0  | 89,6  | 22,2   | 29,8                   | 16,1                    |
| Grafarvogur norður                       | 848                     | 8,3   | 89,8  | 25,8   | 31,8                   | 20,5                    |
| Grafarholt og Kjalarnes                  | 561                     | 8,6   | 53,8  | 27,5   | 33,4                   | 21,2                    |
| Nágrenni Reykjavíkur                     | 9.719                   | 11,7  | 87,7  | 22,0   | 29,3                   | 15,8                    |
| Hafnarfjörður                            | 2.711                   | 10,3  | 84,6  | 20,4   | 27,5                   | 14,2                    |
| Vellir                                   | 166                     | 3,9   | 88,6  | 24,1   | 29,4                   | 18,5                    |
| Hafnarfjörður suður                      | 748                     | 10,2  | 90,8  | 20,7   | 26,5                   | 15,3                    |
| Setberg og Ásland                        | 296                     | 5,2   | 90,3  | 33,8   | 40,5                   | 26,6                    |
| Hafnarfjörður norður                     | 1.501                   | 16,9  | 79,1  | 17,2   | 24,8                   | 11,3                    |
| Garðabær og Álftanes                     | 1.771                   | 13,2  | 93,0  | 22,5   | 31,4                   | 14,5                    |
| Kópavogur                                | 3.820                   | 12,5  | 86,5  | 20,4   | 26,9                   | 15,0                    |
| Kársnes                                  | 731                     | 16,5  | 93,0  | 18,5   | 23,9                   | 13,9                    |
| Digranes                                 | 1.374                   | 12,0  | 85,1  | 23,7   | 30,2                   | 18,0                    |
| Smárinn og Fífuhammur                    | 1.315                   | 15,3  | 88,5  | 17,3   | 24,3                   | 12,2                    |
| Vatnsendi                                | 400                     | 6,4   | 74,3  | 22,8   | 29,0                   | 16,9                    |
| Seltjarnarnes                            | 641                     | 15,3  | 91,3  | 26,5   | 33,7                   | 21,0                    |
| Mosfellsbær og Kjós                      | 776                     | 8,7   | 89,9  | 30,8   | 37,4                   | 23,9                    |
| Landsbyggð                               | 15.390                  | 13,5  | 83,7  | 20,4   | 27,2                   | 13,9                    |
| Suðursvæði                               | 7.707                   | 12,5  | 82,7  | 20,7   | 26,8                   | 14,6                    |
| Skaftafells- og Rangárvallasýslur        | 981                     | 15,7  | 85,9  | 24,2   | 30,5                   | 17,0                    |
| Vestmannaeyjar                           | 584                     | 14,3  | 85,3  | 21,6   | 27,3                   | 15,9                    |
| Árborg                                   | 1.036                   | 13,3  | 91,7  | 20,4   | 25,5                   | 15,5                    |
| Árnessýsla án Árborgar                   | 1.015                   | 14,0  | 78,6  | 24,0   | 30,4                   | 17,6                    |
| Reykjanesbær                             | 1.396                   | 9,9   | 76,1  | 17,0   | 21,9                   | 12,5                    |
| Keflavík                                 | 920                     | 12,3  | 80,5  | 16,0   | 20,2                   | 12,3                    |
| Njarðvíkur, Ásbrú og Hafnir              | 476                     | 7,2   | 67,9  | 18,9   | 24,9                   | 12,8                    |
| Suðurnes án Reykjanesbæjar               | 674                     | 9,7   | 70,9  | 19,1   | 25,1                   | 12,7                    |
| Akranes og Hvalfjarðarsveit              | 913                     | 12,8  | 87,8  | 18,5   | 25,4                   | 12,4                    |
| Vesturland norðan Skarðsheiðar           | 1.108                   | 13,4  | 85,7  | 21,9   | 29,0                   | 14,4                    |
| Norðursvæði                              | 7.683                   | 14,7  | 84,6  | 20,1   | 27,6                   | 13,1                    |
| Vestfirðir                               | 990                     | 14,6  | 84,3  | 20,5   | 27,0                   | 14,3                    |
| Húnaþing og Skagafjörður                 | 1.181                   | 16,7  | 79,8  | 20,1   | 26,8                   | 13,5                    |
| Eyjafjörður                              | 961                     | 15,7  | 88,0  | 18,5   | 27,2                   | 10,2                    |
| Akureyri                                 | 2.341                   | 13,1  | 85,9  | 17,9   | 26,0                   | 11,3                    |
| Brekkan, Innbær, Oddeyri og eyjar        | 979                     | 17,2  | 87,4  | 16,2   | 22,1                   | 11,4                    |

Tafla 4. Hlutfall eldri borgara, séreignarábúð og atvinnuþátttaka eftir talningarsvæðum  
31. desember 2011 (frh.)

Table 4. Percentage of senior citizens, owner occupancy and current activity status by output areas  
31 December 2011 (cont.)

| Svæði<br><i>Regions and output areas</i> | Fjöldi<br><i>Number</i> | Hlutfall af<br>mannfjölda  | Eignar-<br>ábúð, %              | Atvinnuþátttaka, %                     |                        |                         |
|--|-------------------------|----------------------------|---------------------------------|--|------------------------|-------------------------|
|  |                         | <i>% of<br/>population</i> | <i>Owner occu-<br/>pancy, %</i> | <i>Labour force participation rate</i> |                        |                         |
|  |                         |                            |                                 | Alls<br><i>Total</i>                   | Karlar<br><i>Males</i> | Konur<br><i>Females</i> |
| Ofan Brekku                              | 692                     | 14,3                       | 85,4                            | 20,4                                   | 31,0                   | 12,6                    |
| Utan Glerár                              | 670                     | 9,2                        | 84,6                            | 17,8                                   | 26,8                   | 9,8                     |
| Þingeyjarsýslur austan Eyjafjarðar       | 816                     | 17,4                       | 83,6                            | 21,8                                   | 29,1                   | 14,3                    |
| Hérað og N-Múlasýsla                     | 736                     | 15,4                       | 83,6                            | 23,9                                   | 28,8                   | 18,8                    |
| Fjarðabyggð og Suðurfirðir               | 658                     | 12,9                       | 87,4                            | 23,6                                   | 31,8                   | 14,8                    |





**Hagtiðindi Mannfjöldi**  
**Statistical Series Population**

100. árg. • 29. tbl. 2015:3

ISSN 0019–1078

ISSN 1670–4479 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670–4487 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Ómar Harðarson • omar.hardarson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)